

Ed.

397. Nefndarátt

um frumvarp til laga um gróðaskatt.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir klofnað um þetta mál. Meiri hlutinn vill ekki aðhyllast hugmynd þá, er felst í frv., um að stóreignir og stórgróði leggi nokkuð af mörkum árlega til þess að rækta og byggja landið, og minn því leggja til að frv. verði felt.

Minni hlutinn aftur á móti lítur svo á, að stefna frv. sje í alla staði

rjettmæt og að með frv. sje bent á þá líklegustu leið, sem enn hefir verið bent á til þess að fá fje til ráðstöfunar því að gera hinum fátækari hlnta þjóðarinnar mögulegt að stofna heimili ntan kaupstaða og kauptúna.

Hinsvegar viðurkennir minni hlutinn, að orkað geti tvímælis, hvort skattstigi sá, sem ákveðinn er í frv., sje sá rjetti, og vill því til samkomulags lækka skattinn allmikið frá því, sem þar er gert ráð fyrir, en sjer ekki ástæðu til að breyta skattstiganum að öðrn leyti.

Leggnr því minni hlutinn til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum »sjerstakan gróðaskatt« komi: og eignarskatt.
2. 3. gr. orðist þannig:
 - I. Skattgjald af tekjum, er um ræðir í 1. og 2. gr., reiknast þannig af allri skattskyldu upphæðinni:

Af	15000 kr. til	20000	greiðist	10 kr. af hverju þús.			
—	20000 — —	30000	—	20 — — —	—	—	—
—	30000 — —	40000	—	30 — — —	—	—	—
—	40000 — —	50000	—	40 — — —	—	—	—
—	50000 — —	60000	—	50 — — —	—	—	—
—	60000 — —	70000	—	60 — — —	—	—	—
—	70000 — —	80000	—	70 — — —	—	—	—
—	80000 — —	90000	—	80 — — —	—	—	—
—	90000 — —	100000	—	90 — — —	—	—	—
—	100000 — eða meira	—	—	100 — — —	—	—	—

II. Af skuldlausri eign, sem er 50 þús. eða meira, greiðir hver gjaldþegn sjerstakan eignarskatt, 5 kr. af hverju þúsundi.

3. Fyrirsögn frv. verði:
 - Frmvarp til laga nm sjerstakan gróða- og eignarskatt.

Alþingi, 20. apríl 1926.

Jónas Jónsson, Ingvar Pálmason.
frsm.